

HREYFING OG VÖXTUR

Nokkur orð um dýrafraði

EFTIR

Dr. Helga Þórunn



1904

Hreyfing og vöxtur.

Nokkur orð um dýrafræði

eftir

Helga Pjetursson.

Orðið k v i k i n d i þyðir eiginlega: það sem hreyfir sig; orðið er sjálf sagt afarfornt, og sýnir hversu mjög þetta einkenni dýranna, að þau eru hlutir, sem fara á kreik af sjálfsdáðum, að því er virðist, hefur fengið á huga þeirra, sem orðið kom upp hjá¹⁾.

Vér skulum hér ihuga að nokkru dýrin sem kvíkindi, og þó að vísu ekki öll dýr, heldur að eins þau, sem hryggdýr nefnast; en það eru fiskar, froskdýr, skriðdýr, fuglar og spendýr.

Fiskar eru eingöngu lagardýr; fiskhalinn eða sporðurinn er vanalega allmikill bluti fisklikamans, og sterkir vöðvar liggja þar utan á dálkinum, en sporðurinn endar á nokkurskonar blöðku, þar sem er sporðugginn; að þessari öflugu gangvél, sem jafnframt er styri, lætur fisklikaminn fljótt og vel; eins og örskot þjóta þeir um sjóinn er þeir vindla við sporðinum, og laxinn stekkur jafnvél upp fossa; svo sterklega getur hann »dinglað rófunni».

1) Latneska orðið yfir dýr, animal, þyðir: það sem undar, og lýsir það öðru einkenni dýra, sem menn hafa fundað sig mjög á, er þeir fóru að hugsa.

Útlimir fiskanna nefnast eyruggar og kviðuggar; svara þeir til framlóta og asturfóta hjá æðri dýrum, og eru vanalega lítið notaðir til að koma fiskinum áfram, en með þeim heldur hann horfi, og stýrir sér að nokkru leyti.

Eftir því sem ofar dregur í dýraríkinu þróast nú útlimirnir, unz hreyfingin er orðin þeirra starf; en sporðurinn rýrnar, og gætir hans varla á sumum dýrum; en á öðrum er þessi öfluga hreyfivél orðin að mjórrri rófu, sem höfð er fyrir svipu á flugurnar, sem ónáða dýrið.

Ýmislegt er þó athugavert við það, sem nú var sagt. Til eru nokkurs konar fuglar í fiskahóp, þar sem fiskarnir hreyfast á framlimonum; eru það flugfiskarnir; eyruggar þeirra eru mjög breiðir og langir, flugfiskarnir stökkva upp úr sjónum og líða svo í loftinu nokkurn spöl á þessum vængjum.

Til eru lika fiskar, sem »ganga á 4 fótum«; sumir klifrast um kóralla neðansjávar, en aðrir ganga um á þuru landi þegar fjarar út af þeim, og sumir klifrast jafnvel um mangróvetrjen, sem vaxa í hitabeltinu, nær á takmörkum lands og lagar. Þessar ferfætlur í fiskaröð geta nú ef til vill gefið mönnum hugmynd um, hvernig lagardýr hafa fyrst farið að breytast í landdýr.

Frosk dýrin eru i æsku eingöngu lagardýr og synda með sporði; með aldrinum taka froskarnir ham-skiftum, fá 4 myndarlega útlimi og hoppa á land upp; en á sundi beita þeir síðan asturlimonum likt og sundmenn fótunum. Í æsku svipar þeim til fiska, en fullorðnir eru þeir að límalagi einsog nokkurskonar skrípa-myndir af mönnum, og hefur þessi líking oft verið notuð í skopmyndum.

Einnig í froskaröð eru til flugdýr; tærnar á framl- og asturfótum þessara »flugfroska« eru mjög langar, og fit á milli; ber þetta þá uppi þegar þeir stökkva grein at grein, og geta þeir því komið miklu lengra en ella; sen-

flugdýr standa þeir langt á baki flugfiskunum, og geta ekki lyft sjer neitt upp á þessum vængjum sinum.

S k r i ð y r i n , sá dyratlokkur, sem krókudilar, höggormar og skjaldbökur teljast undir, hefur sýr á jarðoldum staðið í miklu meiri blóma en nú. Þá voru til í þeim flokki landdýr svo stór, að staerstu filar verða smávaxnir sje þeim jafnað til þeirra; hefur sporðrekum þjóðtrúarinnar svipað til sumra þessara skriðýra, en öðrum til flugrekanna; en ekki höfðu flugrekarnir sporð fremur en sporðrekarnir gátu flogið, og ber þar ekki saman náttúrufræðinni og þjóðtrúnni. Þar fór eins og annarsstaðar, að þegar útlímirnir, og einkum þegar fram límirnir þroskuðust svo. að þeir tóku að sjer hreyfinguna, þá dró úr sporðinum, hinni upprunalegu hreyfivjel hryggdýranna. Flugrekarnir voru skriðýr að eins í óeiginlegri merkingu, því talið er, að þeir hafi flogið eins vel eins- og fuglar þeir, sem vel eru fleygir. Sumir voru ekki staerri en smáfuglar nú, en aðrir hafa verið sannefndir drekar, nærrí því 10 álnir á milli vængbroddanna. Vængirnir voru nokkurskonar leðurvængir, og voru þeir festir á yzta fingurinn, sem var afarlangur; flugrekarnir voru fjarskalega stóreygðir og ginviðir og flestir vel tenatir hafa þeir sjálfsagt verið voðaleg rándýr. Drekar þessir voru aldauða síðast á kritaröld, alllöngu áður en mann kynið hófst, og lifa engin dýr, sem nokkur likindi eru til að sjeu af þeim komin. Ekkert fiður hefur verið á drekunum, og væri rjettara að nefna þessi flugdýr í skriðdýraröð skriðýra-leðurblökur en skriðýra-fugla, og hefur þó beinagrind vængsins á flugrekunum verið allt öðruvísi gerð en á leðurblökunum.

Engin nútímaskriðýr eru vængjuð og fleyg; þó er til lítið skriðýr sem nefnist dreki (draco) af því að það hefur nokkurskonar flugfit, sem styðst við neðstu rifin, og ber fitin smádreka þenna uppi þegar hann stekkur

trjá á milli likt og flugfroskurinn. Engin skriðdýr eru vel fallin til gangs eða hlaupa á jafnsljettu, eins og voru sum forndyr úr þessum flokki; mörg skriðdýr synda nijög vel, sum einkum með spördinum einsog krókódílarnir, önnur með breyfum einsog sumar skjaldbökur.

Yfirleitt standa skriðdýrin, að útlimabyggingu, langt á baki bæði fuglum og spendýrum, og þær kynkvíslir skriðdýranna eru löngu horfnar af yfirborði jarðar, sem fullkomnastar voru í þessu etni; þessi »skriðdýr« voru flugdýr, gangdýr og hlaupadýr jarðarinnar á miðöld jarðsögunnar, áður en fuglar og spendýr hófust, og meðan þessir hryggdýraflokkar voru enn í bernsku. Sumir af þessum »flugrekum« og »sporðrekum« voru grímmilegri að gerð en ernir og tigrar, og er ekki auðvelt að hugsa sér hvers vegna þessi dýr hafa liðið svo algjörlega undir lok; verður það sem um þetta efni mætti segja að bíða annars tíma.

Fuglarnir eru þau hryggdýr, sem hugmyndir vorar um flug einkum eru tengdar við; og þar hefir náttúrunni tekist að búa til afarfullkomnar flugvjelar. Væri fullkomnum miðuð við fegurð, og að til hreyfinga, þá er enginn vafi á því, að fuglar eru fullkomnustu dýrin; og hefðu fuglar stundað vísindi, þá mundu þeir sjálfsagt telja það vist, að kórónu sköpunarverksins sje að finna í fuglaröð. Og þeir mundu hafa mikil til síns máls. Blóðið er allmiklu heitara í fuglum en spendýrum, og allar þær efnabreytingar, sem nefnast líf, langtum fjörugri; lífið, sem menn vita ekkert hvað er, þrátt fyrir allt um efnabreytingar, þetta líf, sem virðist vera tilgangur alls heimsins, eru miklu sterkara í fuglunum en nokkru öðru sem lifir. Í fuglunum hefur náttúran unnið sinn mesta sigur, og þess vegna eru þeir hamingjusamastir allra dýra; kvak og söngur fuglanna er að miklu leyti ekkert annað en gleðið yfir því að lifa, og það má

segja, að hugmyndirnar um englana, vængjaðar verur, sísyngjaudi af sælu, sjeu nokkurskonar viðurkenning mannkynsins á þessu, sem hjer hefur verið drepið á.

Hugmyndir um tign og yndi eru tengdar við flug fuglanna, frá erninum sem »vosir yfir jörð», liggjandi í loftinu á sínum breiðu vængjum, og til smáfuglanna, sem þjóta um óðfluga. Flugsæri fuglanna eru ekki einungis framlimir þeirra, eins og átti sér stað hjá fyrirrennurum þeirra, flugrekunum, heldur eru festar við framliminn eða höndina flugfjaðrir, nokkurskonar afarstórvaxin og greinótt hár; annarskonar fjaðir, — skjól-fjaðrir — blífa kroppnum og gera hann mikinn um sig í samanburði við þyngdina; þeir stýra sjer með stjelfsjóðrum en sjálfst róubeinið er lítið, ummyndað og úr því dregið; er það skiljanlegt, þar sem svo mikil hefur verið lagt til framlimanna; bringuvöðvarnir eru afarstórir og sterkir til að geta veifað vængjunum, og hefur vaxið upp úr bringubeininu há bryggja til þess að vöðvarnir gætu orðið því stærri; er þetta afleiðing af fluginu, og af sōmu ástaðu voru líka bringubryggjur á flugrekunum og eins er á leðurblökunum, flugdýrunum í spendýraröð, sem seinna verður minntz á nokkru nánar. Prátt fyrir allan þennan útbúnað gætu fuglarnir þó ekki flogið, væru ekki innan í þeim loftbelgir, sem þeir blása út, um leið og þeir anda; verða þeir við það meiri um sig og ljettari að tiltölu.

Til eru fuglar, sem segja má um, að þeir sjeu næf fótalausir; svo eru fæturnir smáir og dregið úr þeim, að fuglarnir geta ekki gengið á jafnsljettu; flug þessara fugla er frábærlega gott; þeir henda á lofti fæðu sína og þurfa ekki ganga með, en hvíla sig í klettaskorum o. s. frv. Slíkur fugl er mórsvalan (*Cypselus apus*; *apus* þýðir: fótalaus).

Flestir fuglar geta þó tekið til fótanna þegar þeir vilja, en mjög eru þeir misjafnir göngufuglar; mestir göngugarpar eru haensafuglarnir, en þeir fljúga ekki vel og tamin haens hafa nær algjörlega tynt fluginu; estirtektarvert er það, að ungarnir fljúga talsvert betur en fullorðnu fuglarnir, og kippir þeim þar í kynið til vel fleygra forfeðra sinna.¹

Alls ótfleygir fuglar eru hlaupafuglarnir eða strútarnir, en þeir hlaupa flestum dýrum betur, og eru fæturnir háir og sterkyggðir. Suðurálfustrúturinn (*struthio camelus*) er stærstur allra fugla, þeirra sem nú gerast, 4 álnir á hæð, og hleypur bezt; hann hefir tvær tær á hvorum fæti, en i reyndinni má nú segja, að tain sje ekki nema ein, miðtán, og hún geysistór og klóin lik hóf; hin tain er mjög lítil og henni er ekki beitt. Að því leyti minna þessir strútar á hestana, sem bezt hlaupa af spendýrum: þeir hafa heldur ekki nema 1 tā á fæti hverjum, en á forfeðrum þeirra voru tænar fleiri, einsog á forfeðrum strútanna; náttúran hefir með því að stækka miðtána en leggja hinur niður, gert sterkari og stæltari hlaupafót en orðið gat, hefðu beinin í fætinum halddið áfram að vera eins mörg og upphaflega var; hefur þar farið alveg eins um fuglinu og spendýrið, sem baði fóru að leggja fyrir sig hlaup; en þessi breyting á lifnáðarháttum þeirra kom af breyttu loftslagi og landslagi.

Mikill munur er á múrvöldum og strútum, og má segja, að strútarnir hafi að nokkru leyti tynt sínu upphaflega fuglseðli. Að þeir misstu flugið kom m. a. til af því, að þeir stækkuðu svo mjög við hlaupin, að sínu leyti eins og hestarnir; forfeður þeirra voru miklu minni

1. Sjá um þetta efni t. a. m.: Darwinskennung eftir G. Armauer Hansen; gefið út af hinu íslenzka Þjóðvinafjelagi.

en þeir hestar, sem nú gerast og er mönum fullkunnugt um þetta.¹⁾

En af þessu sjáum vjer, hvílik ógnaráhrif breytingar á umhverfi og ýmisleg beiting kraftanna hefur á sköpulag dýranna. Verður þetta þó, ef til vill, enn þá ljósara fyrir oss, þegar vjer lítum á sundfuglan.

Sumir fuglar gera bæði að fljúga vel og synda vel; svo er t. a. m. um máfa og álfstir. En þess ber vel að gæta, að þessir fuglar kasa ekki; í stað þess að fara öll til botns hefir álftin lengt á sjer hálsinn, og má likja kroppnum á henni við bát, hálsinum við fær, en nefinu við öngul, þó að visu sje það ekki öngulnef, eins og er á skarfínunum. Illa ganga þessir fuglar á þuru landi vegna þess, hvað gleiðir eru feturnir og aftarlega; má segja, að þeir hafi færst aftur við sundið. Úr því fuglarnir eru farnir að stinga sjer, fara þeir að tapa flugi og er þó enn munur á þessu eftir því, hvað langt þeir eru komnir í kafaralistinni. Sumir fara heina leið til botns, synða með fótunum eingöngu, og taka það sem kyrt liggur á sjávarbotninum, einsog t. a. m. skeljar. Þetta gera, til dæmis að taka, æðarfuglarnir. En svartfuglarnir láta sjer ekki lynda að taka það sem liggur á botninum, þeir eru orðnir »lærðari« kafarar en svo, og elta í miðjum sjó, fiska og krabbadýr; þarf þá oft skjótra snúninga við, og hafa þeir því tekið til vængjanna líka; þeir synða bæði með vængjum og fótum. Feturnir eru komnir svo aftarlega, að fuglarnir geta ekki staðið eða gengið nema upprjettir sjeu; vængirnir eru litlir, og sækir niður fótahlutinn þegar þessir fuglar fljúga; þeir eru því hallir í loftinu, og bera vængina mjög ótt og titt; ekki geta þeir flogið upp af jafnsljettu og verða því oft til, ef þeir villast inn í land. Svartfugl

1) Um settartölu hestanna má lesa í áðurnefndu riti um Darwinskenningu.

sá, sem geirsugl nefndist (alca impennis), hafði vængi mjög litla og var alls ófleygur; þetta varð honum að fjörtjóni, og er hann nú aldaða, eins og kunnugt er.

Svartfuglarnir eru þannig sundfuglar betri en flugfuglar, og þó einkum geirsuglinn; en lengst hefir þetta afturhvarf til sjávarins komist í mörgæsunum, sem vel má nefna nokkurskonar fiska í fuglaröð; eru þeir á liku stigi afturhvarfsins einsog selir af spendýrum; en afturhvarf til sjávarins nefni jeg þetta vegna þess, að enginn vafí getur leikið á því, að mörgæsirnar eru komnar af landfuglum — eins og selirnir af landspendýrum — en öll landdýr eru að upphafi komin af lagardýrum.

Það er fróðlegt að athuga vængina á mörgæsunum; þeir eru alls ekki flugfæri lengur heldur sundfæri; vængirnir eru orðnir að hreyfum, sem vel má segja að sjeu fjaðralausir, því úr fjöldunum eru orðnar nokkurskonar hreisturplötur mjög smáar, og allt er »fiðrið« á þessum fuglum hreisturkent.

Meginþorri spendýranna hefur útlimi, sem lagaðir eru til gangs og hlaupa; þau eru fremur öðrum gangdýrin. Helztu hlaupadýrin eru hestar — sem minnt var á hjer að framan — og úlfar; það gerir mikinn mun á byggingu þessara dyra m. ö., að hestarnir verða að geta flúið óvini sína og hlaupið, eins þó þeir sjeu fullir, en rándýrið hleypur vanalega ekki nema þegar það er svangt. Á þetta skal rjett aðeins vikið, en annars held eg mjer við flugleitni spendýra og afturhvarf til vatnsins, og er þó efnið svo viðtækt, að fátt eitt verður hjer sagt hjá því, sem segja mætti af þessu.

Fuglarnir í spendýraröð eru leðurblökurnar; nafnið bendir á hvernig vængirnir sjeu, og eru þeir einkum festir á handarbeinin, sem eru geysiliöng. Stærstu leðurblökurnar, sem flughundar nefnast, eða flug-refir (á ensku fox-bats). geta orðið meir en 2 álnir vængbroddanna á

milli, og kvað vera mjög einkennilegt, að sjá þessi dýr með tóuhausana fljúga um, sem fuglar væri, og setjast á trjen¹. Leðurblökurnar eru fleygar sem fuglar, og eru þær einu spendýrin, sem flugdýr geta heitið með rjettu. Að vísu er talað um flug-ikorna og flug-apa (*petaurus*, *pokadýr*) en þessi dýr hafa aðeins nokkurskonar flugfit milli fram- og afturlima, og geta þessvegna stokkið á-kaflega langt greina á milli; þau eru ámóta flugdýr og flugfroskarnir og drekarnir (*draco*), sem áður var getið um.

Flest spendýr geta synt; þ. e. öll þau dýrin, sem þurfa ekki annað en bera limina likt og á gangi, til að fljóta; svo er, til dæmis að taka, um hesta og hunda. En ef apar detta í vatn, bregða þeir ekki fyrir sig neinum sundökum og drukkna, ekki síður en menn, sem ekki hafa lært sund.

Mörg stig eru í afturhvarfi spendýranna til lagarins, frá otrunum, sem að vísu taka fæðu sína í sjó eða vatni, en jeta hana á þuru landi, og til hvalanna og sækúnna, sem eru nokkurskonar fiskar í spendýraröð. Bygg-ing dýranna breytist þegar þau fara að stunda sjó; þau verða stutthærð og þjetthærð, eða jafnvel alveg hárlaus einsog hvalirnir; en fitulagið undir hörundinu verður þeim mun þykkra, og er það sjávarspendýrunum að nokkru leyti það sem lofbelgirnir eru fuglunum, það hjálpar þeim til að fljóta, en heldur líka á þeini hita. Dýrin umskap-ast við sundið, einkum afturlimirnir og halinn og skiftir þar einkum í tvö horn; sum beita mest afturfótunum en lítið halanum, og hafa ekki orðið miklar breytingar á honum, en því meiri á afturfótunum; á hafotrinum (*Latax*

1) Það ber við að flug-refirnir eru á ferðinni um hábjartan dag; en vanalega halda þeir þó kyrru fyrir á daginn, en fljúga út þegar dimmir, eins og aðrar leðurblökur.

eða en hydra lutris¹⁾ til dæmis að taka, eru aftur-fæturnir mjög stórir, dálitið sviplikir selshreyfum, með sundit og er stærst yzta tain, (»litla tain«) af því að mest reynir á hana. Mjög eftirtektarvert er það, að fram-fæturnir á þessu dýri eru vanalegir rándýrsfætur, lítið sem ekkert umbreyttir; framfæturnir á haf-otrinum bera vott um fastheldni dýrsins við þau einskenni, sem forfeð-ur þess höfðu aflað sjer, en afturfæturnir um nýbreytna-eftir breyttum lífsskilyrðum.

Ennþá breyttari eru selirnit frá því, sem forfeður þeirra landrándýrin hafa verið¹⁾; selsrófan er mjög lítil, og dregið úr henni. Þó má segja, að selirnit syndi með sporði, því að aftari hluti búksins er sporðlagadur, og hreyfunum beita þeir ekki hvorum fyrir sig, heldur leggja þá saman, svo að þar verður sundblaka aftan á búknum, líkt og sporðugginn er á sporði eða »rófu« fisk-anna: en allt er sundfæri selanna nokkurskonar eftirlíking-ar eða »falskur« spoður. Þarna má sjá skemmtilegt dæmi þess, hvernig náttúran smiðar sama verkfærið úr ýmis-konar efni; en annað mjög fróðlegt dæmi eru vængirnir á flugdrekum, fuglum og leðurblökum, og hefur stuttlega verið minnst á það áður.

Þegar torfedorur selanna fóru að gerast sjávardýr, hefur liklega verið svo dregið úr rófunni, að hún varð ekki notuð fyrir sundfæri; var því lítil rækt lögð við hana, en »sporðinum« komið upp af öðrum efnum. Allt öðru náli er að gegna um skorkvikindaætu þá sem potamogale nefnist, eitt hið einkennilegasta spendýr; potamogale lifir við ár og í ám um miðja Suðurálfu vestanverða; hún er um í alin á lengd og nærrí helmingur af þeirri lengd er rófan; er hún sanunnefndur sporður, nærrí jafn-digur búknum efst, og þykkari en hún er breið, nokkuð

1) Sjá um seli: Timarit, 1902, bls. 135—37 og Grænlands-för, bls. 27 og 105 (sjerpr.).

likt og krökódilssporður; útlimirnir eru merkilega smáir og engin sundfit á afturfótunum, enda er þeim ekki beitt á sundi; á þessu dýri hefur af einhverjum ástæðum legið beinna við, að efta til sundfæris rófuna heldur en afturfæturna.

Hvalirnir eru orðnir algjörlega sjávardýr og hafa umbreyzt svo mjög, að ekki er unnt að segja af hverskonar landdýrum þeir eru komnir; sumir ætla, að þeir sjeu komnir af kjötætum, en aðrir að þeir hafi snemma kvílast út frá sama stofni, sem hófdýrin eru runnin upp af, og er það liklegra. Hvalirnir sýna það frábærlægla vel, hvernig hreyfing og allt háttalag dýranna skapar vöxt þeirra. Hvalirnir eru svo likir á vöxt vanalegum fiskum, að menn glöggvuðu sig ekki á því lengi vel, að þeir eru spendýr, en nefndu þá hvalfiska og stórfiska; þó sæða hvalirnir lifandi unga og mjólka þeim, en ekki geta ungarnir sogið nedansjávar, og er því svo búið um mjólkurkirtlana, að móðirin getur kreist úr þeim mjólkina ofan í ungann, þegar hann er kominn á spenann. Allt það er að æxluninni lytur, er rótgrónast í eðli dýranna, og það er það, sem seinast breytist eftir breyttum lifsskilyrðum. Svo mjög sem sjávarlifið hefur umskapað selina, fer þó æxlun þeirra að öllu leyti fram á þuru landi, og kemur þar fram hið forna landeðli þeirra¹. Eins og áður hefur verið vikið á, eru af fuglum, mörögæsirnar hjerumbil á sama stigi afturhvarfsins til sjávarins einsog selirnir; engir fuglar eru algjörlega sjávardýr,

1) Einsog menn sjá af því, sem sagt hefur verið um þetta hjer að framan, er nokkuð hæft í þeirri þjóðtrú, að selirnir sjeu menn í álögum; ytri ástæður hafa fært landdýrið i nokkurskonar fiskaham, svo að innri bygging og ytra útlit fer ekki nákvæmlega hvað eftir öðru. Þannig er varla eða ekki unnt að greina læri á selunum, en þó hafa þeir lærlegg. Um þetta má lesa dálitið meira í Timariti 1902, bls. 136.

eins og hvalir eða sækyr; hygg jeg að þetta komi einmitt til af því, að fuglarnir verpa eggjum, og liggja á þeim; þessu undirstöðuatriði fuglseðlisins hefur sjávarlífnu ekki tekist að breyta, þó að það hafi breytt mörgæsunum svo, að þær eru nær ósærar til hreyfingar á þuru landi¹. Liklega er það spor í afturhvarfsáttina, að ein mörgæsategund ber egg sitt á sjer, í nokkurskonar vasa, sem síðan hversur þegar eggin eru unguð út.

Það er þá liklega af því, að æxlun spendýrsins hefur verið hægra að færa niður í sjóinn heldar en æxlun fuglsins, að spendýrahvalir eru til, en engir fuglahvalir. Skriðýrahvalir — er svo mætti nefna — hafa verið til á löngu liðnum jarðoldum, og eru hvalirnir ekki komnir af þeim, en nokkurskonar fyrirrennarar hvalanna hafa þeir verið, einsog flugdrekarnir fuglanna, og hlaup- og gangskriðýrin spendýrauna; skriðýrahvalirnir hafa fætt lífandi ungla.

Eftir þennan útúrdúr, snúum vjer oss aftur að því að íhuga vöxt hvalanna.

Sumir hafa lítið svo á, að selirnir bendi á þá leið, sem forseður hvalanna hafa farið á afturhvarfinu til sævarins; en það nær engri átt. Selirnir eru nær rófulausir, en sundfæri þeirra er »eftirlíkingar-sporður«, gerður af aftari hluta búksins og afturfótunum. En á hvölunum er þetta þvert á móti; þeir hafa geysimikinn sporð og sporðblað á endanum, en það vottar ekki fyrir afturfótum; í beinagrindinni eru þó smávegis leifar af aftari limunum. Miklu fremur bendir dýr eins og potamogale sú, sem áður var nefnd, á þá leið, sem hvalirnir hafa farið; þar hafði dregið mjög úr limunum en rófan eflzt, svo að hún

1) Hjer er vert að geta þess, að haf-skjaldbökurnar, sem lengst eru komnar í afturhvarfinu til sjávarins allra skriðýra, og sjást úti í reginhafi, skriða þó á land til að verpa eggjum sinum, og Þanga þær þeim þó ekki út.

mátti vel heita sporður; potamogale er vatnadyr en ekki sjávar, og það ætla menn, að forseður hvalanna, sem voru miklu minni dyr en hvalir nútímans, hafi í ám verið að venjast vatnalífinu, einmitt á þeim tínum er skrið-dyra-hvalirnir óðu uppi um höfin.

Hvalirnir eru ákaflega braðfara dýr, og er það oft góð skemmtun á sjóferðum, að sjá höfrunga leika fyrir stafninum á eimskipi, sem geisar fram af alefli; þeir velta nokkuð á hliðarnar þegar þeir synda, og sporðblaðið er lárjett, þar sem sporðuggi fiskanna er lóðrjettur; er talið að þetta sje því tengt, að hvalirnir væða meir uppi heldur en fiskarnir, af því að þeir þurfa að reka upp hausinn til að anda. Ef til vill eru þeir djúpt í sjó þegar þeir verða loftþrota, og verða þá að flýta sjer upp á við. Þetta veitir dýrinu hægra þegar sporðblaðið er lárjett; rjettast væri líklega að segja, að einmitt vegna þessa hreyfingarlags, upp og niður, hafi sporðblaðið orðið lárjett; hreyfingarlagið skapar hreyfingarfærið. Vatns- og froðustrókurinn kemur af því, að hvalirnir blása frá sjer ádur en blásturholið er komið alveg upp úr og þeysa þannig upp sjónum; bendir þetta til þess, að hvalirnir sjeu í kafi eins lengi og þeim er unnt. Ekki eru þó hvalirnir andstuttir, og þykjast menn hafa getað komið að því, að búrhvelið t. a. m., andi ekki nema 3. hverja klukkustund.

Framlimir hvalanna nefnast bægsli og varna þau því, að þeir velti um hrygg. Öll er gerð bæglanna mjög einkennileg og eftirtektarverð og lýsir því greinilega, að forseður hvalanna hafa búið við allt önnur lífs-skilyrði en þeir sjálfir. Bægslíð er handleggur og hönd á; þar er upphandleggsbein, framhandleggsbein, handrótar- (eða úlnliðs-) handarbaks- og fingurbein; flestir eru þar sömu vöðvar og í handlegg mannsins, og þó mjög úr þeim dregið. En í stað þess að geta hreyfst í öllum liðamótum, er þessi framlimur aðeins hreyfanlegur í axl-

arlið; þegar framlinnum var beitt einungis til þess að afstyrta veltum, urðu öll önnur liðamót óþörf, þau voru ónotuð, stirðnuðu og urðu loks óhreyfanleg. Þegar menn beinbrotna, má oft sjá að liðamót þurfa ekki langan tíma til að stirðna, sje ekki á þau reynt, og er þetta því ekki óskiljanlegt.

Mjög íhugunarvert er það, að t. a. m. handrótarbeinin, sem hafa svo fastákveðna lögun í öðrum spendýrum, eru ekki eins í 2 hvöllum, sem rannsakaðir hafa verið, og eru þau stundum óvanalega lítil og bil á milli þeirra; sköpulag þessara beina er sýnilegur árangur sjerstakrar áreynslu; en þegar þessari sjerstöku áreynslu ljetti af þeim og þau fengu að hvíla sig, fór þeim að fara aftur. Að vita þetta er ekki þýðingarlaust fyrir mannlífið. Einnig vöxtur og sköpulag mannsins er árangur þess, að hann hefur neytt orku sinnar á sjerstakan hátt til að hafa ofan af fyrir sjer; það má svo að orði kveða, að maðurinn sje skapaður af likamlegrí áreynslu. En af því leiðir, að hann er einnig skapaður til að reyna á líkama sinn, og sje það ekki gert, einkum meðan maðurinn er að vaxa, bilar líkaminn að einhverju leyti. Hve mikil hefur vantað á, að mönnum væri þetta ljóst, sjest ekki sízt á fyrirkomulagi svonefndra menntaskóla til skamms tíma, og jafnvel fram á þenna dag. Hæfileg líkamleg vinna, einkum á vaxtarárunum, er ekki ólán heldur lán, enda eru menn nú farnir að sjá þetta annarsstaðar, en varla eins vel hjer hjá oss. Jeg hygg, að þýðing náttúrufræðinnar sje ekki sízt sú, að hún muni kenna oss á rjettan hátt »að hverfa aftur til náttúrunnar«, og munum vjer þá sjá, að vjer höfum ekki verið eins miklu hyggnari og vjer höldum, en Kínverjarnir, sem brjóta saman fæturna á stúlkubörnunum, eða svertingjarnir, sem þykir það keppikefli, að geta komið sjer upp sem lengstum bandormum.

Það hafa sagt þeir sem ætla, að úrvalning náttúruunnar ráði mestu um breytingar þær, sem verða á lífategundunum, að breytingar á dyrum fari ekki lengra en svo að þær sjeu þeim gagnilegar¹. En þetta er ekki rjett; ógagnleg breyting getur verið óumflýjanleg afleiðing gagnlegrar breytingar, og líklega er þetta ein af ástæðunum til þess að dýrategundir hafa orðið aldaudar. Þetta kemur til af því, sem nefna mætti *inertia evolutionis* eða alfrekjum framþróunarinnar².

Orðatiltæki eins og það, að undan straumi heimsrásarinnar beri hlutina ávallt lengra fram en þangað, sem þeir virðast í fyrstu stefna, gefur ef til vill einhverja hugmynd um hvað jeg á við með orðinu »*inertia evolutionis*«, en annars verður það ekki skyrt nema í löngu máli, og skal það ekki gert hjer. En því nefni eg þetta hjer, að hvalirnir eru að sumu leyti ágætt dæmi þessarar alfrekjum breytiþróunarinnar.

Elztu spendýr, sem kunnugt er um, hafa verið smávaxin og hafa flestir afkomendur þeirra farið stækkandi eftir því sem tímar liðu; það er í augum uppi, að jafnvel þegar svo langt var komið sögunni, að forseður hvalanna voru orðnir vatnadyr, hafa þeir verið fjarska miklu minni en stórhveli nútímans, sem af þeim eru komin. Sú breyting á hvölunum, að þeir urðu stærri og sterkari hefur óefað verið þeim til gagns framanaf; en aukinni stærð og kröftum fylgdi tilhneiting til ennþá meiri vaxtar, og í sum hvalakyn virðist beinlínis vera kominn ofvöxtur, og breytingin, sem áður var til gagns, virðist nú vera farin að horfa til tjóns. Ofvöxturinn hefur einkum hlaupið í höfuð hvalanna, enda reyna þeir fjarska mikil

1) Sjá bækling þann um Darwinskenning, sem áður var nefndur.

2) Inertia hefur á íslenzku verið nefnd aldeyfa, en alfrekja virðist ekki síður rjett.

á höfuðið — þó að þeir hugsi ekki. Það má nærri geta, að þrystingurinn á höfðinu er ekki lítill, þegar þessi bákn bruna fram hraðar en eimskip; af þessu hafa flatzt út höfuðbein hvalanna, svo að ekki eru þau lík því, sem gerist hjá neinu öðru spendýri¹, en auk þess hefur blaðið nijög fita að beinunum, líklega meðfram til þess að varna skemmdum á æðum af þrystingnum; nú litur út fyrir að þessi spikþungi geti orðið svo mikill, að það sje hvalnum bagallegt, en muni verða tegundinni að fjörtjóni ef það ágerist lið af lið, eins og líklegt er um allar slíkar breytingar.

Fyrir nokkrum árum var verið að saga sundur hauskúpu af búrhval (*Physeter macrocephalus*, kaskelot) í gardi dýrasafnsins i Kaupmannahöfn; voru skinin hausbeinin 5000 pund að þyngd, en heilinn líklega svo sem þúsund sinnum ljettari. Þar kom að hinn ágæti dýrafræðingur H. Winge, sem manna bezt hefir vit á allri gerð spendýra; bentí hann okkur sem stóðum þarna í kring á, að rjett fyrir aftan heilann í hvalnum, var allmikill hlykkur á mænunni niður á við; kvað hann þetta eins dæmi í byggingu spendýranna, og yrði ekki annað sjeð, en að höfuðbeinin hefðu þarna beinlinis svignað niður undan ofurþyngslum lýsisins, sem er eins og í skál ofan á höfði búrhvalsins. Winge fanst mikið um athugun þessa, því að hann taldi víst, að þarna nætti sjá «upp-haf að endalyktum» búrhvalanna; tegundin væri feig úr því að þau lífsæri, sem mest er undir komið, væru tekin að færast úr lagi, því að ekki mundi við þetta lenda.

Stærðin, sem framan af hefir verið búrunum gagn-

1) Selshausinn er þó þegar farinn að fletjast nokkuð, eins og er í augum uppi, ef menn bera saman hauskúpur af selum og handum; en litid er það sem selshausinn hefur aflagast, hjá þeiri umbreyting, sem orðin er á hvalshausnum.

leg, virðist þannig ætla að verða þeim að fjörtjóni vegna þess, að tegundin hætti ekki að væxa þegar frekari vöxtur fór að verða henni ógagnlegur; og líkt mun vera um önnur stórhveli.¹

Sækýrnar eru eingöngu lagardýr eins og hvalirnar, en eru þeim annars næsta ólikar; þær halda sig með ströndum fram og í stóram, eru haegsara og lifa eingöngu á þangi og öðrum vatnajurtum.² Spenarnir eru framan til á kroppnum, rjett við handarkrikkann; afturhreyfar eru engir, og svo gjörsamlega hafa þeir horfið, að engar leifar þeirra er að finna í beinagrindinni á sækúm þeim, er nú gerast: en eftirtektarvert er það, að einhverjar leifar af nýjaðmarþeini hafa verið til á sækúakynni (*halitherium*), sem nú er aldunciða. Framlimurinn eða handleggurinn er hreyfanlegur, eigi einungis í axlarlið eins og á hvölunum, heldur líka í olnbogalið og úlnlið; er þetta ef til vill því tengt, að sækýrnar eru svo ferðlitlar að þær þurfa ekki að beita mjög framlimunum til að afstýra veltum; en líka því, að spenarnir eru svo framarlega og hafa þær því reynt til að hagræða ungunum með framlimunum; sagt er, að þær beri unga sinn stundum undir hendinni og geti ýtt að sjer fæðunni með höndunum; af þessu er leitt nafnið manati (*M a n a t u s*) er þyðir dýrið með hendurnar. Sporð hafa þær og sporðblað, en ekki er þetta nærrí eins rennilegt og á hvölunum. Sækýrnar koma upp til að anda 3. og 4.

1) Auðvitað afsakar þetta ekki hvalveiðimennina, sem eru kominir vel á veg með að útrýma öllum stórhvelum — til þess að búa til úr þeim áburð og „strútsfjaðrir“ (úr skíðunum); niðurlagid í sögu stórhvelanna hefði að öðrum kosti sjálfsgagt staðið á þúsundum ára saman; þúsund ár er ekki langur tími í sögu tegundarinnar.

2) Skemtileg lýsing á sækúm er í snildarsögu Kiplings „Hvítis selurinn“. Þyðing í Timaritinu 1902.

hverja minútu og er því lett við, að eitthvað sje blandad málum, þar sem segir í sögunni, að þær geti tekið kof svo löng og synt svo hratt, að selur eigi fult í fangi með að leika eftir þeim, — og er oft svo í sögum.

Sækymrar eru »útlærð« vatnadyr og alveg ósjálfbjarga á þuru landi; en vegna grasþitsnáttúru sinnar hafa þær aldrei leiðst til að leggja á hafið og standa því sem sunddýr langt á baki selum og hvöllum; af sömu ástæðu hafa þær aldrei átt í eltingaleik neðansjávar, þar sem oft reið á, að geta verið sem lengst í kafi til þess að bráðin gengi þeim ekki úr gini; því eru þær andstyttri miklu en hvalir, og verri kafarar.

* * *

Af þessu stutta yfirliti yfir hryggdýrin sjáum vjer, að i öllum flokkunum eru dýr með ýmsu hreyfingarlagi; í engum floknum eru eingöngu sunddýr, gangdýr eða flugdýr, en þó hefir hver flokkur eitt aðalhreyfingarlag. Fiskarnir, sem næstir standa frumstofni hryggdýranna, beita ennþá einkum sporðinum, upprunalega sundfæri hryggdýranna, en mest hafa fjarlægst forfedur sína fuglarnir, þar sem framlimirnir eru orðnir þeirra aðal-hreyfingarfæri; er sá flokkurinn jafnleitastur og — að því leyti, sem bent hefir verið á — fullkomnastur. Spendýrin hafa líka lagt af spordinn sem hreyfingarfæri og hreyfast flest á fram- og afturlimum í sem og eru þau miklu sundurleitari sín á milli en fuglarnir.

Bent hefir verið á, hvernig kemur fram i öllum flokkum viðleitnin að komast um loftið, og enn fremur hvernig dýrin hverfa aftur til hreyfingarlags, sem forfedur þeirra bafa hafið; ber þær mest á afturhvarfinu til vatnsins.

Við þetta kemur fram nokkurskonar hringferð í

umsköpun dyranna, en þó aldrei svo, að dýrin verði astur eins og forseður þeirra voru. Hvalirmir verða þannig til dæmis að taka, ekki astur að fiskum, þó að vísu megi nefna þá nokkurskonar fiska í aðra veldi.

Vjer sjáum líka á því, sem sagt hefir verið, að breyting á dýrunum er ekki alltaf sama sem framför; fuglinn sem missir flugið og verður að gangdýri eða sunddýri, hverfur astur til ófullkomnara hreyfingarlags, en þó mun það oftast hafa orðið dýrinu hentugra af einhverjum ástæðum. Dýrin keppa ekki að fullkomnum að öðru leyti en því, að þau sjeu sem bezt í samræmi við sitt umhverfi; innýfladýrin sýna bezt, hvernig »framþróun« getur verið mjög mögnuð afturför að því er fullkomnum vaxtarlagsins snertir.

Það sem breytingunum kemur á stað er einkum viðleitni dýranna á að laga sig eftir breyttum lífsskilyrðum. Það er »frekjan til fjörsins«, sem kemur dýrinu til að neyta allrar orku til að forða sjer fjörtjóni, og annað hvort ferst það, eða venst breytingunni, sem orðin er á högum þess. Vanian, sem er svo þýðingarmikill í lífi einstaklingsins, hlýtur að vera ennþá atkvæðameiri þegar um langar raðir af ætliðum er að ræða. Og jarðsagan hefir frá nógum breytingum að segja á högum lífsins, á þeim og þeim staðnum; þar segir af eldsumbrotum, umskiftum lands og sjávar, nærrí ótrúlegum breytingum á landslagi og loftslagi. Að tala um sjálfkrafa breytingar eða tilbrigði á lifandi verum (spontan variation) þýðir ekkert annað en það, að menn viti ekki hvað breytingunum veldur, og er það að vísu satt um margar af þeim; en þetta sem nefnt hefir verið, sýnist vera beinasti vegurinn til að skilja nokkuð í því hversvegna þessar miklu umskapanir hafa orðið á dýrunum.

J. B. Lamarck. (1744—1829) hjet sá, sem bent

hefur á þennan veg; var hann einn af mestu náttúrufræðingum, sem uppi hafa verið.

1809, sama árið sem Ch. Darwin fæddist, gaf Lamarck út bók sína um heimsspeki dýrafræðinnar (philosophie zoologique) þar sem hann heldur því fram, að dýrin umskapist eftir því hvernig þau beiti sjer; hreyfingartlagið skapi þeim vöxtinn, og þær breytingar á vaxtarlagi, er svo sjæl fengnar, gagni síðan að erfðum. Á þessa leið vildi Lamarck gera grein fyrir uppruna — eða rjettara sagt afruna — tegundanna. Þessu afarmerkilega riti var hvergi nærri sá gaumur gefinn, sem það átti skilið; guðfræðin hafði ennþá ofmikið vald á hugum manna, trúin á óumbreytanleik tegundanna var of sterk, þekkingin, einkum á jarðfræði, var komin of skamt á veg og — höfundurinn var yfirleitt of miklu gáfaðri, heldur en samverkamenn hans að vísindunum. Cuvier, sem þátti mestur allra dýrafræðinga —, og að vísu var mikils heiðurs maklegur — hafði ekki komið auga á þessi undirstöðusannindi líffræðinnar, og var hann Lamarck mjög áhrifamikill andmælandi.

Það var því ekki fyr en hálfri öld seinna, að skrið fór að koma á umbreytinga- eða afrunakenningu (Descendenz- eða Transmutationslehre), en það varð þessar Ch. Darwin gaf út bók sína um uppruna tegundanna. Darwin hafði uppgötvað það sem hann nefndi úrválning náttúrunnar eða náttúruvalið (natural selection); en Herbert Spencer, spekingurinn mikli, Aristóteles vorra tíma, hefur heldur viljað nefna það »survival of the fittest« (Það lífir, sem líffærast er).

Darwin leit eðlilega fremur smáum augum á uppgötvun Lamarcks, einkum framan af, og höfðu Darwin- ingar því litlar mætur á kenningum Lamarcks um erfðir á breytingum, sem fram væru komnar á líffærum við ýmislega notkun þeirra. Herbert Spencer, sá sem öllum

öðrum fremur hefur fundið allsherjarlögmál framþróunarnar innar, hallast þó ekki síður að Lamarck en að Darwin, í skoðunum sínum á því, hvað mestu hafi valdið um breytingar á tegundunum, og á síðari tímum má segja, að risið hafi upp flokkur af ný-Lamarckingum, sem hafa aukið og bætt kenningar meistarans; líti þeir svo á, að Lamarck hafi sjéð dýpra í þessu máli heldur en Darwin; gera þeir oft svo lítið úr þeirri þyðingu, sem náttúrvalið hafi haft, að óefanð fara þeir þar of langt; virðist það í augum uppi, að í jurtaríkinu hafi úrvalning náttúrunnar verið áhrifamest um sköpun nýrra tegunda, enda er Herbert Spencer þeirrar skoðunar.

1) Fremstan í flokki ný-Lamarckinga er víst óhætt að telja hinn nafnkunna dýrafræðing H. Winge, umsjónarmann við dýrasafnið í Kaupmannahöfn; það er einkum Winge, sem hefur kent mjer að lita á hreyfingar og vöxt dýra eins og hjer er gert, skilja sambandið milli vaxtarlags dýranna og lífernis — að svo miklu leyti sem jeg skil það.

Það er algengt, að menn ætla að Darwinska og afruna-eda framþróunarkenning, sje eitt og hið sama, og jafnvel Armauer Hansen hefur valið riti sinu — sem áður er getið um, og jeg var bedinn að þýða fyrir Þjóðvinasjelagið — fyrirsögnina: „Afstamningslæren eller Darwinismen“; rit Armauer Hansens er að miðru leyti gott; það er mjög fróðlegt, og vel þess vert að þýða það, einkum þar sem lítið hefur um þetta verið ritað á íslenzku áður, annað en tvær, — að visu góðar — ritgerðir eftir Þorv. Thoroddsen og Jón Ólafsson. En rit Hansens er eingöngu um Darwinskuna, og jeg vildi ekki breyta því svo mjög, að ekki yrði audið að nefna ritindi þyðingu. Jeg hafði fyrir alllöngu búið mig undir að rita dálitið um dýrafræði í þeim anda, sem hjer er gert, og er heppilegast að þessi ritgerð, sem að nokkru leyti hefði mætt heita „Lamarckskenning“ komi á prent um líkt leyti og „Darwinskennung“. Peir lesendur, sem kynnu að hafa mætur á slikeum fróðleik, eiga þá kost á, að skoða tvær aðalhlíðar á þessu merkilega máli, og þeir munu glögt sjá, að þó að nú einhverjum tækist að kveða niður Darwinskuna, þá væri þó framþróunarkenningin jafnmögnum eftir. Og það er merguriun málssins.

Sannleikurinn er einsog fjölfleta gjimsteinn, sem stafar geislum á ýmsa vegu, hefur Goethe sagt. Hjer á þetta spakmæli vel við. Darwin og hans menn hafa einkum sjeð geislastafinn af einum fleti sannleikans, Lamarck og þeir, sem honum fylgja, af öðrum.

En allir eru þeir sammála um það, að tegundir dýra og jurta sjeu ekki að upphafi skapaðar hver fyrir sig, enda eru eins góðar sannanir fengnar fyrir þessu og frekast verður búiðt við.

Þetta, að Lamarck er nú í hávegum hafður af vísindamönnum, má að nokkru leyti skoða eins og þátt i því afturhvarfi (reaction) sem á svo margan hátt einkennir síðustu 10—15 árin; en »oft er gull í gleymdum rústum« og sje horfið aftur til þess, sem gott er → eins og í því dæmi, sem hjer er um að ræða — þá er afturhvarfið i raun rjettri framför, ekki afturhald. En afturför er það, þegar horfið er aftur til fornrar villu eða hjátrúar; má líka sjá þess ekki allfá dæmi nú á dögum, og svo væri, ef nokkrir vildu gerast til að reyna að vekja upp aftur þá trú, að tegundirnar sjeu frumskapaðar og óumbreytanlegar.